

Nd.

151. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi. (Þskj. 70).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni hafa borizt 2 frv., á þskj. 52 og þskj. 70, sem bæði fara fram á nokkra tilslökun á banni því gegn dragnótaveiðum, sem er í gildandi lögum.

Bæði þessi frv. hafa verið samtímis til athugunar í nefndinni, og um leið og hún hér með lýsir yfir afstöðu sinni, ber að líta á það sem afgreiðslu beggja frv. frá hennar hendi.

Nefndin hefir að vísu ekki getað fallizt á frv. þessi eins og þau hafa borizt henni, en hún álitur hinsvegar, að sökum erfiðleika yfirstandandi tíma og útlitsins með sölu afurða sé rétt að veita landsmönnum í þeim héruðum, sem þess óska sérstaklega, nokkuð meiri aðgang að kolaveiðum en nú á sér stað. Þetta er líka í samræmi við ákvæði laganna um frekari takmarkanir, þar sem þess er sérstaklega óskað.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 70 verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að tvo mánuði ár hvert innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma, á öðrum tímum en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt, sem hér um ræðir, gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

Alþingi, 30. júlí 1931.

Sveinn Ólafsson,
form.

Ásgeir Ásgeirsson.

Guðbr. Ísberg.

Bjarni Ásgeirsson.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskr. og frsm.